

Nd.

316. Breytingartillögur

[117. mál]

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
 - a. Við 1. másl. 5. mgr. bætist: á þreföldu fasteignamati, og skal kaupanda skylt að koma jörðinni í ábúð innan eins árs frá þeim degi, er jörðin var þannig af honum keypt.
 - b. 2. og 3. másl. 5. mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist: eða fá jörðina keypta samkv. fyrirmælum 3. gr. þessara laga, ef söluverðið yrði með því lægra en kaupsboðið, enda uppfylli kaupandi skilyrði þau, sem 3. gr. setur hér um.